

Auglýsing um framboð til embættis NSR Coordinator 2021-2023

Samkvæmt lögum NSR (Samstarfsráðs Norðurlanda) er auglýst eftir framboðum til embættis NSR Coordinator fyrir starfsárin 2021-2023 sem kosið verður til á 65. Fjölumdæmisþingi MD 109 í Hafnarfirði 24.-25.apríl 2020.

Coordinator er valinn til tveggja ára og rúllar embættið á milli Norðurlandanna, sjá lið 5 í starfsreglum NSR.:

„Coordinator verður að hafa mjög gott vald á ensku, bæði munnlega og skriflega og verður einnig að geta haft samskipti á skandinavísku. Coordinator skal að lágmarki vera fyrrverandi umdæmisstjóri sem hefur tekið þátt í fleiri en 1 alþjóðþingi og hefur reynslu og yfirgripsmikla þekkingu á NSR samstarfinu.“

Kynning á viðtakandi Coordinator þarf að vera á NSR þingi 2021 og hann fer til að læra á Alþjóðþinginu 2021, stýrir síðan viðburðum NSR á Alþjóðþingi 2022 og á Alþjóðþingi 2023 mun hann kenna sínum arftaka í embætti.

Framboðum skal skila fyrir 15.fbrúar 2020 til Ellerts Eggertssonar fjölumdæmisstjóra á netfangið ellerte@gmail.com eða til Guðmundar Helga Gunnarssoar fjölumdæmisritara á netfangið g.helgi@simnet.is.